

Forseti Íslands,  
Halla Tómasdóttir,  
Bessastöðum.

13. september 2024

## Höfnum ofbeldi og vopnakaupum

Frú Forseti,

Um leið og við þökkum þér að vekja athygli á nauðsyn þess að komast fyrir ræturnar á þróun ofbeldis í samfélaginu viljum vekja athygli þína á yfirvofandi stríðsýfirlýsingu Alþingis sem því miður virðist hafa verið skautað yfir í ávarpi Forseta Íslands við þingsetningu 10 september.

### Þróun ofbeldis í samfélaginu.

Friður 2000 vakti athygli á þessari hættulegu þróun fyrir aldafjórðungi síðan. Í samstarfi við UNESCO birtum við upplýsingar úr skýrslum sem afhjúpuðu hvernig ofbeldi væri að aukast meðal ungs fólks í kjölfar aukins ofbeldis í kvikmyndum og tölvuleikjum.

Börn skynja stundum ekki mun á leik og alvöru og þurfa fræðslu. Friður2000 efndi til námskeiða gegn ofbeldi og framleiddi stuttmyndir fyrir sjónvarp til birtingar á undan ofbeldisfullu efni til fræðslu fyrir foreldra og börn gegn ofbeldi. Því miður fyrir aldafjórðungi síðan fengum við ekki nægan stuðning til að halda verkefninu áfram. Ég minnst fundar hjá Kennarasambandi Íslands þar sem sjónarmið Friðar2000 um að taka upp skipulagða fræðslu gegn ofbeldi urðu undir, gegn áhrifamikilli tjáningu fulltrúa stærsta dreifingaraðila ofbeldisefnis á Íslandi, sem þvert á skýrslur UNESCO sagði enga hættu á ferðum.

Í kjölfar þess hræðilega ofbeldis atburðar sem gerðist á Menningarnótt í Reykjavík, heyrir í útvarpsþáttum umræða á þá leið að ofbeldið hafi komið með nýbúum eða flóttamönnum til landsins. Slík framsetning er á skjön við raunveruleikann og getur orðið til að auka ofbeldið enn frekar. Fræðslu gegn ofbeldi þarf að stýra í meira yfirvegaðri umræðu og aðgerðir.

Framleiðsla á stuttmyndum til birtingar á undan ofbeldisfullum kvikmyndum og leikjum, fræðsla í skólum, námskeið fyrir foreldra og skipulögð umræða í fjölmiðlum og samfélaginu sem byggir á staðreyndum eru verðug verkefni sem Forseti Íslands gæti lagt stuðning við.

### Landráð

Sama dag og Frú Forseti ávarpaði þingheim við setningu Alþingis 10 september 2024, var lagt fram fjárlagafrumvarp með margföldun á vopna kaupum til stuðnings erlendu ríki til styrjalda utan NATO. Verði slík milljarða króna vopnakaup að lögum frá Alþingi jafngildir það formlegri stríðsýfirlýsingu Íslands gegn Rússlandi. Á síðasta sólarhring hefur forseti Rússlands ítrekað viðvörun sína að auknar vopna sendingar frá NATO ríkjum til Úkraínu sem notað sé til árása á Rússland leiði til þess að Rússland sé komið í stríð við NATO.



**PEACE 2000 INSTITUTE**

Vogasel 1  
109 Reykjavík  
ICELAND

PHONE:  
+354 496 2000

EMAIL: [info@peace2000.org](mailto:info@peace2000.org)

WEBSITE:  
[www.peace2000.org](http://www.peace2000.org)



UNITED STATES:  
+1 877 405 4999

EMAIL:  
[info@earthchild.net](mailto:info@earthchild.net)

**Leif Eiriksson  
Peace Award**

Peace 2000 Institute Reykjavík



United World Foundation  
Peace 2000 Institute  
Friður 2000 Ísland  
Registered Year 1995 in  
Iceland No: 540795-2589

Earthchild  
Registered Year 1999 in  
State of Nevada USA  
No: C21757-1999

PEACE 2000 UK  
Registered Year 2001 in  
England No: 04300266

Í aðdraganda forsetakosningana mótmæltum við því bæði að stjórnvöld væru að kaupa vopn fyrir 300 milljónir króna. Nokkrum dögum eftir kosningar kom forsætisráðherra heim með samning sem hann hafði gert um að styðja stríðsrekstur Úkraínu um 25,5 milljarða á næstu fjórum árum. Samninginn gerði hann við einstakling sem situr eftir að kjörtímabil hans er úrunnið og í raun umboðslaus sem forseti þar í landi. Við sjáum síðan í drögum að fjárlögum sem lögð voru fyrir Alþingi 10 september s.l. amk tífoldun á framlögum til vopnakaupa þessa erlenda ríkis. Nær 7 milljarðar í málaflokkinn þar af vopn fyrir þrjá milljarða króna - Tífoldun!

Allstaðar sem við mættum almenningi á ferðum okkar sem forsetaframbjóðendur var það ljóst að nánast enginn styður slík vopnakaup Íslenskra ráðamanna.

Vopnakaup þvert á þjóðarvilja, ekki til varnar landsins, fjármögnuð af skattfé Íslendinga, til styrjaldar í fjarlægju landi utan NATO, eru um leið stríðsyfirlýsing og ögrun gegn stórveldi búið kjarnorkuvopnum sem hefur hótad að svara fyrir sig. Þannig er Íslenskri þjóð stefnt í verulega hættu af glannalegum stjórnarathöfnum. Vopnakaupin eru á skjön við þjóðaröryggisstefnu landsins, NATO samninginn og sáttmála Sam-einuðu þjóðanna. Að stofna öryggi ríkisins í hættu með stuðningi við erlent ríki eru landráð samkvæmt almennum hegningarlögum.

Í forsetaframboði þínu, um leið og þú talaðir gegn vopnakaupum, sagðist þú vilja vera boðberi friðar og taka samtalið við þjóðina. Þjóðin tók undir þennan boðskap og veitti þér traust til að gerast sinn öryggisventill á Bessastöðum. Nú reynir á þetta. Þér ber skylda að bregðast ekki trausti þjóðarinnar og synja fjárlögum frá Alþingi sem innihalda vopnakaup til stuðnings erlendu ríki.

Stjórnvöld hafa haft þann leiða sið að ganga ekki frá fjárlögum fyrr en á síðustu dögum fyrir áramót. Til að komast hjá því að setja fjárlög í uppnám á síðustu stundu, leggjum við til að þú gerir þingheimi, stjórnvöldum og þjóðinni ljóst að þú munir nýta heimild þína sem forseti til að vísa fjárlögum til þjóðaratkvæðagreiðslu innihaldi þau stuðning við vopnakaup erlenda ríkja.

### **Forseti Íslands tali fyrir friðaraðgerðum á alþjóðavettvangi**

Við skorum á þig sem boðbera friðar að nota tækifærið í opinberri heimsókn til Friðriks X Danakonungs í næsta mánuði að minna dönsku þjóðina á að vopnakaup þeirra til að herja stríð innan Rússlands eru olía á ófriðarbálið. Nauðsynlegt er að beita öðrum aðgerðum til varanlegs friðar. Vel væri við hæfi að smá kliður fari um höllina þegar boðberi friðar vekur athygli á þessari staðreynd sem mannkynið hefur upplifað af stríðsrekstri í gegnum aldirnar.

Með vinsemd og virðingu,  
Alþjóðastofnunin Friður 2000



Ástþór Magnússon



**PEACE 2000 INSTITUTE**

Vogasel 1  
109 Reykjavík  
ICELAND

PHONE:  
+354 496 2000

EMAIL: [info@peace2000.org](mailto:info@peace2000.org)

WEBSITE:  
[www.peace2000.org](http://www.peace2000.org)



UNITED STATES:  
+1 877 405 4999

EMAIL:  
[info@earthchild.net](mailto:info@earthchild.net)

**Leif Eiriksson  
Peace Award**

Peace 2000 Institute Reykjavík



United World Foundation  
Peace 2000 Institute  
Friður 2000 Ísland  
Registered Year 1995 in  
Iceland No: 540795-2589

Earthchild  
Registered Year 1999 in  
State of Nevada USA  
No: C21757-1999

PEACE 2000 UK  
Registered Year 2001 in  
England No: 04300266